

Akureyri, 4. febrúar 2020.

Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis  
Kirkjustræti  
101 Reykjavík

**Efni: Tillaga til þingsályktunar um fimm ára samgönguáætlun 2020-2024 og samgönguáætlun fyrir árin 2020-2034.**

### **1. Akureyrarflugvöllur.**

Aðalfundur Eypings sem haldinn var í Dalvíkurbyggð 15.-16. nóvember 2019 ályktaði eftirfarandi ályktun um uppbyggingu Akureyrarflugvallar:

*„Aðalfundur Eypings haldinn í Dalvíkurbyggð 15. nóvember 2019 skorar á ríkisvaldið að tryggja sem fyrst fjármuni til uppbyggingar flugstöðvar og flughlaðs á Akureyrarflugvelli svo að sú vinna og það fjármagn sem farið hefur í markaðssetningu og aðra uppbyggingu fari ekki í súginn heldur nýtist samfélaginu og atvinnulífi á svæðinu. Ítrekað hafa ráðherrar, þingmenn og embættismenn lýst yfir eindregnum stuðningi við að bregðast við ástandinu á Akureyrarflugvelli og er því með öllu óskiljanlegt að ekki sé nú þegar búið að fjármagna þessi verkefni. Þá leggur aðalfundur Eypings áherslu á að þeir opinberu fjármunir sem nýttir eru til markaðssetningar í ferðaþjónustu undirstriki þá áherslu að opna eigi nýja gátt inn í landið og að dreifa eigi ferðamönnum víðar en nú er.“*

### **2. Vegabætur.**

Aðalfundur Eypings sem haldinn var í Dalvíkurbyggð 15.-16. nóvember 2019 ályktaði eftirfarandi ályktun um vegabætur:

*„Greiðar samgöngur sem byggja á góðu vegakerfi eru nauðsynlegar forsendur fyrir uppbyggingu atvinnulífs, nýsköpunar og viðunandi afkomu heimila og fyrirtækja. Aðalfundur Eypings lýsir sérstökum áhyggjum af ástandi tengivega og héraðsvega sem víða er orðið verulega slæmt vegna lítills viðhalds og dregur þannig úr umferðaröryggi á svæðinu. Aðalfundur Eypings haldinn í Dalvíkurbyggð 15. nóvember 2019 hvetur stjórnvöld til þess að ráðist verði í aðgerðir til að bæta ástand vegna, fækka einbreiðum brúm og koma á bundnu slitlagi.“*

### 3. Almenningsamgöngur.

Stjórn SSNE (Samtök sveitarfélaga og atvinnuþróunar á Norðurlandi eystra) leggur áherslu á að farið verði hið fyrsta í samþættingu strætós, flugs og ferja sem leggur grunninn að öflugum almenningsamgöngum á landinu öllu líkt og birtist í stefnu ríkisins í almenningsamgöngum „*Ferðumst saman*“. Þá óskar stjórn SSNE eftir upplýsingum um hvort og þá hvernig landshlutasamtök eiga að vinna með Vegagerðinni að markmiðum áætlunarinnar nú þegar landshlutasamtökin eru ekki lengur rekstraraðilar strætós.

### 4. Vetrarþjónusta.

Uppbygging á Dettifossvegi vestan Jökulsár á Fjöllum hefur verið baráttumál Norðlendinga um langt árabíl. Vegurinn er mjór, niðurgrafinn og seinfær yfir sumarið og ófær frá fyrsta snjó að hausti og fram á sumar. Vegna þessa ástands hefur umferð verið takmörkuð og skipuleggja rútfyriertæki til að mynda ekki akstur um veginn. Það hefur komið niður á straumi ferðamanna um svæðið og aðgengi þeirra að einstökum náttúrperlum í nágrenninu.

Nú standa yfir úrbætur á veginum og eru þær langt komnar. Ef áætlanir standast verður kominn uppbyggður og malbikaður vegur alla þessa leið um mitt sumar 2020. Það telst gríðarleg samgöngubót sem mun hafa áhrif á þróun ferðaþjónustu á svæðinu og jafnframt greiða samgöngur íbúa á nærliggjandi svæðum.

Markaðsstofa Norðurlands hefur annast markaðssetningu og mörkun á „Demantshringnum“ svokallaða, <https://www.northiceland.is/diamondcircle>. Demantshringurinn hefur verið seldur af dagsferðafyrirtækjum á Norðurlandi í meira en 30 ár, en með tilkomu uppbyggðs heilsársvegar, skapast grundvöllur til að selja hringinn markvisst út á við allt árið um kring.

Því telur stjórn SSNE óskiljanlegt að ekki sé gert ráð fyrir vetrarþjónustu á þessari nýuppbyggðu stofnleið að aflmesta fossi Evrópu. Sú ákvörðun telur stjórn SSNE að sé ekki í anda yfirlýstrar stefnu stjórnvalda um dreifingu ferðamanna og eflingu ferðaþjónustu um allt land. Stjórn SSNE ítrekar því mikilvægi þess að til staðar sé vetrarþjónusta á Dettifossvegi (Demantshringnum) m.a. til að styðja við uppbyggingu og framgang ferðaþjónustu á svæðinu vegna aukinnar umferðar ferðamanna og skorar á stjórnvöld að setja nýjan Dettifossveg í flokk með öðrum stofnleiðum landsins með fulla vetrarþjónustu.

### 5. Sveitarfélög innan SSNE

Að beiðni eftirfarandi sveitarfélaga var stjórn SSNE beðin um að koma á framfæri eftirfarandi áherslum. Þær áherslur hafa þó ekki verið formlega teknar fyrir á vettvangi samtakanna og lýsa því aðeins áherslum viðkomandi sveitarfélags.

#### Grýtubakkahreppur:

Eftirfarandi var bókað á fundi sveitarstjórnar Grýtubakkahrepps þann 6. janúar 2020:

- *Sveitarstjórn lýsir yfir ánægju með framlög til sjóvarna við Grenivík í samgönguáætlun.*
- *Sveitarstjórn leggur áherslu á að fjármunir verði tryggðir til uppbyggingar Akureyrarflugvallar.*
- *Sveitarstjórn ítrekar fyrri óskir um uppbyggingu vegar um Dalsmynni og Fnjóskadal sem er orðinn og verður enn frekar mikilvæg ferðamannaleið, auk þess að vera vegur í byggð.*

Sveitarstjórn Grýtubakkahrepps leggur áherslu á hversu slæmur vegurinn um Fnjóskadal og Dalsmynni er orðinn. Vegurinn sem var byggður um miðja síðustu öld eða fyrr er mjór, mishæðóttur og krókóttur. Sveitarstjóri Grýtubakkahrepps telur að menn beri fyrir sig litla umferð og verði því að nefna að vegurinn er lítið keyrður sökum þess hversu slæmur hann er. Með nothæfum vegi myndi umferð því stórukast en vegurinn um Dalsmynni myndar fallegan ferðamannahring frá Akureyri um göngin og til baka inn ströndina.

### **Fjallabyggð:**

Bæjarráð Fjallabyggðar lýsir yfir ánægju með framlög til Fjallabyggðar í fimm ára samgönguáætlun 2020-2024; innri höfn Siglufirði (stálþil) og sjóvarnir, Ólafsfirði við Námuveg. Þá leggur bæjarráð áherslu á að fjármunir verði tryggðir til uppbyggingar Akureyrarflugvallar og kallar eftir auknu umferðaröryggi á þjóðvegum í þéttbýli.

Varðandi samgönguáætlun 2020-2034 þá ítrekar bæjarráð Fjallabyggðar mikilvægi þess að Múlagöng verði breikkuð/bætt vegna stóruaukinnar umferðar. Það mun vera mikið öryggisatriði fyrir íbúa og gesti. Auk þess ítrekar bæjarráð mikilvægi vegskála á Ólafsfjarðarvegi í Ólafsfjarðarmúla vegna mikillar snjóflóðahættu. Þá óskar bæjarráð eftir því að haldið verði áfram að skoða jarðgöng Fljót-Hólsdalur í Siglufirði (Siglufjarðarskarð) vegna jarðsigs og snjóflóðahættu á Siglufjarðarvegi.

Nýtt skipulag liggur fyrir miðbæjarsvæðið á Siglufirði. Með tilurð þess þarf að breyta legu Gránugötu og Túngötu. Í dag eru gatnamót Gránugötu og Túngötu krossgatnamót, (svartblettur) þar sem slys og óhöpp eru tíð. Reiknað er með að færa Gránugötu í nýja legu á þessu ári og Túngötu á því næsta. Þessi aðgerð er hreint og klárt umferðaröryggi.

### **Dalvíkurbyggð:**

Sveitarstjórn Dalvíkurbyggðar leggur áherslu á uppbyggingu flugvallarins á Akureyri í samgönguáætlun. Auk þess ítrekar hún mikilvægi breikkunar Múlaganga og að uppfærsla öryggismála þar nái inn í samgönguáætlun 2020-2034.

Sveitarstjórn telur að tryggja þurfi leiðarkerfi í strætisvögnum og að þeir keyri þjóðveginn til Hriseyjar, þ.e. að ferjubryggju en stoppi ekki á afleggjaranum niður við Árskógssand. Einnig leggur sveitarstjórnin áherslu á að bundið slitlag verði lagt að Göngustöðum í Svarfaðardal og að ný brú verði lögð yfir Svarfaðardalsá við Hræringsstaði.

### **Eyjafjarðarsveit:**

Eyjafjarðarsveit fagnar því að Eyjafjarðarbraut vestri skuli vera tekin austur fyrir Hrafnagilshverfi meðfram Eyjafjarðará árið 2021. Það sýnir að skilningur er á þeirri miklu hættu sem börnum og öðrum vegfarendum stafar af veginum gegnum hverfið.

Sveitarfélagið vill þó einnig halda áfram að benda á aðra staði í sveitarfélaginu sem þarf að huga að og er nú unnið að umferðaröryggisáætlun til að aðstoða við að forgangsraða þeim með öryggi vegfarenda í huga.

- Hringvegur: Gatnamót Eyjafjarðarbrautar eystri og hringvegur eru mjög hættuleg og mætti bæta þar öryggi til muna með því einu að setja frárein á hringveginn frá Akureyri að Eyjafjarðarbraut

eystri. Sveitarfélagið telur framkvæmdina ekki kostnaðarsama en myndi stórauka öryggi vegfarenda við hringveginn.

- Einbreiðar brýr í sveitarfélaginu eru margar hverjar komnar í bágt ásigkomulag og ber þar helst að nefna svokallaða Stíflubru, við Möðruvelli, en bent hefur verið á um langan tíma að hún sé mikið farin og er afar mjó. Bogabruin er einnig of mjó og fara sum landbúnaðartæki ekki þar yfir sökum þess og er þá ekið undir brúna til að komast milli svæða.
- Malarvegir eru margir komnir í óviðunandi ásigkomulag þar sem ekkert efni er orðið eftir í efsta lagi og of mikið hefur verið sparað til viðhalds í langan tíma. Á veturna kallar þetta á mikla ísingu og á sumrin kallar þetta á mikla drullu og holumyndanir. Í viðhaldi malarvega síðasta vor var skafið efni úr öxlum til að setja upp á vegina og hefur það reynst afar illa. Kallað er eftir auknu viðhaldi á þessum vegum og að lengja bundið slitlag á fleiri vegi til að auðvelda viðhald og einfalda snjómokstur.
- Vegkaflí Eyjafjarðarbrautar vestri frá Gullbrekku að Vatnsenda er sérlega slæmur orðinn og hættulegur á köflum t.d. í svokölluðu Klifi.
- Gatnamót á Eyjafjarðarbraut vestri við Hranastaði er mjög hættuleg og kemur í 45 gráðum á Eyjafjarðarbraut vestri og hefur þar orðið eitt banaslys. Veghönnun gerir ráð fyrir að breytingin á Eyjafjarðarbraut vestri fram hjá Hrafnagilshverfi muni í framtíðinni útrýma þessum hættulegu gatnamótum en því miður er verkinu skipt í tvo áfanga (1. norðan miðbrautar og 2. sunnan miðbrautar) þar sem þessi gatnamót eru í síðari áfanga og ótímasett er mikilvægt að grípa til einhverra annarra úrbóta á þeim eða flýta áfanga 2 svo mikið sem auðið er. Við áfanga 2 fjarlægist vegurinn einnig frá íbúðarhúsnæði að Stokkahlöðum sem staðsett er einungis 5 metra frá veginum.
- Gatnamót Eyjafjarðarbrautar vestri og Dalsvegur við Samkomugerði 2 eru einnig mjög hættuleg og koma í 45 gráðum á veginn.
- Vetrarþjónustu er því miður ábótavant víða og virðist mæta litlum skilningi úr Reykjavík þegar viðkemur skipulagi þeirrar þjónustu. Auka þarf fjármagn Vegagerðarinnar í þennan lið svo hún geti sinnt þessu sem skildi á þeim vegum sem Vegagerðin er vissulega veghaldari á. Sú breyting hefur orðið á tíðarfari undanfarin ár að háлка er nú orðin mjög krefjandi hluti vetrarþjónustunnar en snjóþungi er ekki jafn óviðráðanlegur, að undanskilinni þeirri tíð sem verið hefur undanfarna tvo mánuði. Til þess að vinna á hálkunni þurfa snjóruðningstæki að hafa svokallaða undirtönn en með þeim er hægt að vinna snjóinn alveg niður, þjappast hann því síður og verður að klaka. Þessi tæki er þó ekki hægt að nýta á malarvegi sem eftir sitja mjög hættulegir vegna flugháلكu sem verður að miklu leiti til þegar snjóinn þjappast af þeirri umferð sem um hann fer. Ávinningur þess og mikilvægi að setja bundið slitlag, jafnvel á mjóa vegi, er því gríðarlega mikið.

Eyjafjarðarsveit harmar að ekki sé ríkari áhersla á Akureyrarflugvöll en mjög brýnt er að uppbygging flughlaðs og flugstöðvar hans verði strax á fyrsta tímabili samgönguáætlunarinnar. Uppbygging á Akureyrarflugvelli mun styðja framtíðarsýn og meginmarkmið samgönguáætlunarinnar með því að efla sveitarfélögin og stuðla að sjálfbærum byggðum á Norðurlandi. Við það mun flugvöllurinn opna gáttina betur inn í landið, bæta viðskiptatækifæri innlendra flugrekenda, renna sterkari stöðum undir ferðaþjónustu á svæðinu og styðja við aðra atvinnustarfsemi henni tengdri sem og auka öryggi og samkeppnishæfi Íslands. Með dreifingu innlendra og erlendra ferðamanna á fleiri gáttir inn og út úr landinu þá mun það einnig draga

úr álagi á þjóðveg 1 og þannig auka umferðaröryggi á honum og draga úr viðhaldsþörf. Móðir náttúra minnir nú rækilega á sig í Grindavík, rétt við Keflavíkurflugvöll, einu almennilegu fluggáttina á Íslandi. Er því vert að benda á hvort ekki sé orðið æskilegt að dreifa álaginu og stuðla að eflingu fleiri gátta inn í landið.

Fyrir hönd stjórnar SSNE – Samtaka sveitarfélaga og atvinnuþróunar á Norðurlandi eystra,

Hilda Jana Gísladóttir, formaður stjórnar SSNE.